



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **EMBÆTTISTAKA ALBERTS II FURSTA Í MÓNAKÓ**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa þegið boð um að vera viðstödd embættistöku Alberts II fursta af Mónakó. Hátíðarhöldin hefjast á morgun föstudaginn 18. nóvember og lýkur þeim sunnudaginn 20. nóvember.

Upphaf hátíðarhaldanna verður kvöldverður 18. nóvember í boði furstans af Mónakó en embættistaka Alberts II mun fara fram í dómkirkjunni í Monte Carlo fyrir hádegi laugardaginn 19. nóvember. Að henni lokinni verða gestir viðstaddir hersýningu til heiðurs hinum nýkrýnda fursta. Síðdegis fer fram sérstakur fótboleikur í tilefni embættistökkunnar. Um kvöldið verður hátíðarkvöldverður í furstahöllinni en hátíðarhöldunum lýkur svo á sunnudag.

17. nóvember 2005

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Stefán Lárus Stefánsson forsetaritari (894 1369)